



**Símafundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps
22. október 2015 kl. 16:00.**

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

1. Klúka. Endurnýjun á þaki íbúðarhúss.

VERKÍS leggur fram buðarþolsuppdætti af endurbyggingu þaks á íbúðarhúsinu í Klúku. Þakgerðinni verður breytt frá því sem nú er. Endurgerðin verður með langsgangandi mæni eftir miðju hússins og þakhallinn verður 25° til sitt hvorrar handar við mæninn.

Mænisásinn er úr límtré 90x300 mm sem stólaður er niður á steypa vegg og sperrur 48x220 mm.

Uppdrættir voru kynntir með tölvupósti til fundarmanna og samþykka þeir framkvæmdina fyrir sitt leyti.

2. Ferð í skála í Fjallaskarði og að Laugarfellsskála.

Byggingarfulltrúi sagði frá ferð, sem farin var uppá Fljótsdalsheiði 16. október ásamt oddvita og Varsa á Eyrarlandi. Farið var að skála í Fjallaskarði og einnig var farið inn að Laugarfellsskála. Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að fylgjast með umgengni á umhverfi og mannvirkjum á þessum stöðum.

Byggingarfulltrúi mun gera nánari grein fyrir ferðinni í minnisblaði.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:30

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson